



Suzuki-píanónemendur á tónleikum í Selfosskirkju

 TÓNLISTARSKÓLI
ÁRNESINGA

• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2018

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2018.....	4
Inngangur	4
Veturinn 2017 – 2018.....	5
Skólastjóarskipti í janúar	5
Forskólinn 2017 - 2018.....	5
Próf veturinn 2017 – 2018.....	5
Tónleikahald 2017 - 2018	5
Deildatónleikar í nóvember.....	5
Dagur tónlistarskólanna 17. febrúar	5
Nótutónleikar 17. febrúar og 4. mars.....	5
Vortónleikar strengjadeildar í Hveragerði.....	6
Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2017 – 2018.....	6
Veturinn 2018 – 2019.....	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2018 – 2019.....	7
Fjöldi nemenda 2018 – 2019 / biðlistinn.....	8
Kennarar 2018 – 2019	8
Kennlustaðir 2018 – 2019	9
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2018 – 2019.....	9
Tónlistarflutningur „útí bæ“	10
Forskóla-hljóðfærakynningar	10
Þróunarverkefni veturinn 2018 – 2019	10
Samstarf deilda.....	10
Móttaka nýnema	10
Áætlun 2019	11
Skýrslur deildastjóra maí 2018	12
Blásaradeild	12
Blokklautudeild	13
Forskóladeild	14
Gítardeild.....	15
Kammerdeild	16
Píanódeild.....	16
Rytísk deild	18
Strengjadeild	19

Suzukideild.....	20
Söngdeild	21
Tónfræðideild	22
Fylgiskjal A - Skóladagatal.....	23
Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk.....	23
Fylgiskjal C – Stigspróf 2014 - 2018	23
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.....	23
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi 1995 - 2018.....	23
Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum.....	23
Fylgiskjal G – Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall.....	23
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	23
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda í einkatímum	23
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	23
Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall.....	23
Fylgiskjal L – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs 2018.....	23
Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi.....	23
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	23
Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara.....	23
Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni	23
Fylgiskjal Q – Skólagjöld.....	23
Fylgiskjal R – úr Ársreikningi 2017	23
Fylgiskjal S – 6 mán. uppgjör 2018	23
Fylgiskjal T – Fjöldi nemenda og klst. október 2018.....	23
Fylgiskjal U – Áætlun 2019	23
Fylgiskjal V – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2019.....	23
Fylgiskjal X – Söngur Tónlistarskólans	23

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2018

Inngangur

Skólastarf vetrarins 2018 - 2019 fer vel af stað. Starfið er að mestu hefðbundið, en alltaf er bryddað upp á einhverjum nýjungum.

Fyrir áeggjan Sveitarfélagsins Árborgar tók tónlistarskólinn upp nýtt innheimtukerfi (sem kallast NÓRI) vegna skólagjalda í haust. Þrátt fyrir smá byrjunarhnökra gekk innheimta í heildina vel. Kostir við kerfið eru þeir að foreldrar geta núna nýtt frístundastyrk á mótí skólagjöldum um leið og gengið er frá greiðslu, þ.e.a.s. hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning við Greiðslumiðlun.

Þema vetrarins er 3+ (samspil þriggja og fleiri). Verður spennandi að sjá hvernig þemað birtist á tónleikum vetrarins.

Tvö spennandi verkefni fara af stað í vetur sem falla sérlega vel að samspilsþemanu.

- Píanóeildin ytir úr vör samspilsverkefni, þar sem píanónemendum gefst tækifæri til að hittast, æfa saman og að halda tónleika. Kærkomið tækifæri fyrir píanónemendur sem oft á tíðum eru frekar einangraðir í sínu námi. Píanókennarar fá kynningu á verkefninu í október frá Tónskóla Sigursveins, sem hefur unnið með það sem kallað hefur verið „píanó-hringekja“ og hefur gefist vel.

- Unnið er að skemmtilegu samstarfsverkefni allra hljómsveita og samspilshópa skólans í vetur. Sett verður saman dagskrá með söguþræði sem tengir verkefni hópana saman. Verður mjög spennandi að fylgjast með ferlinu, en afrakstur verkefnisins verður fluttur á þematónleikum 2. maí.

Í haust bættist við einn kennslustaður til viðbótar, þegar tónlistarskólinn hóf kennslu í Vallaskóla Selfossi, á skólatíma. Fögnum við þessum áfanga, enda margir kostir sem fylgja því bæði fyrir nemendur, foreldra og tónlistarkennara að geta boðið upp á kennslu að morgni dags. Aðstaðan er í kjallara skólans (sem er ekki fullkomið) en kostur að vera innanhúss, þar sem nemendur geta mætt í tíma á sokkunum.

Kennarahópurinn er öflugur, mikið faglegt starf í gangi, margir kennarar í frekara námi og starfsandi mjög góður. Tveir kennarar fóru í námsleyfi og nokkrir til viðbótar óskuðu eftir tímabundinni lækkun á starfshlutfalli af ýmsum ástæðum. Vel gekk að manna þá tíma sem þurfti, og sinna þrír mjög góðir afleysingakennarar þessari kennslu í vetur. Einn kennari lét af störfum í sumar og annar vel menntaður var ráðinn til starfa.

Félag tónlistarskólakennara (FT) og samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) skrifuðu undir nýjan kjarasamning 1. apríl og svo aftur 19. september 2018.

Kjarasamningurinn rennur út 30. júní 2019 og krefst fjárhagsáætlun 2019 endurskoðunar þegar þar að kemur.

Með spennandi verkefni framundan og öflugan kennarahóp innan skólans, horfum við full tilhlökkunar til komandi vetrar.

*Selfossi, 3. október 2018,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

Veturinn 2017 – 2018

Skólastjóraskipti í janúar

Skólastjóraskipti urðu 1. janúar 2018 þegar Róbert A. Darling lét af störfum og fór á eftirlaun. Í hans stað var ráðin Helga Sighvatsdóttir aðstoðarskólastjóri. Jóhann I. Stefánsson deildarstjóri var ráðinn aðstoðarskólastjóri frá sama tíma.

Forskólinn 2017 - 2018

Forskólakennslan var þróuð áfram veturinn 2017 – 2018. Að þessu sinni fengu öll börn í 2. bekk grunnskóla sýslunnar (16 talsins) sex heimsóknir yfir veturinn, með söng- og hljóðfærakynningum sem deildarstjórar og kennarar tónlistarskólans sáu um. Öll lærðu börnin að syngja „Söng tónlistarskólans“ eftir Örlyg Benediktsson tónskáld og kennara við skólann og „Hafið bláa hafið“ sem var sungið í tilefni af þema vetrarins (sem var Hafið). Þá fengu nemendur hefðbundnar hljóðfærakynningar með fróðleik og tóndæmum og að prófa hljóðfærin sjálfir. Móttökur í grunnskólunum hafa verið mög hlýjar og samstarfið afskaplega gefandi fyrir nemendur jafnt sem kennara beggja skólagerða. (Fylgiskjal X – Söngur tónlistarskólans).

Próf veturinn 2017 – 2018

Veturinn 2017 – 2018 luku 227 nemendur stigsprófum. Þar af luku 40 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Snæfríður Sól Árnadóttir lauk framhaldsprófi á trompet í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum. (Fylgiskjal C - Stigspróf 2014 – 2018).

Tónleikahald 2017 - 2018

Tónleikahald var með nokkuð hefðbundnu sniði veturinn 2017 – 2018. Auk eftirtalinna tónleika komu nemendur fram á fjölmörgum smærri viðburðum. Hér verður stiklað á helstu viðburðum vetrarins.

Deildatónleikar í nóvember

voru mjög skemmtilegir að vanda. Allar hljómsveitir, samspilshópar og sönghópar skólans fluttu sín verk auk einleikara - og Stórsveit Tónlistarskóla Árnesinga kom fram í fyrsta skipti, sem var mjög ánægjulegur áfangi í skólastarfinu.

Dagur tónlistarskólanna 17. febrúar

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur með sex svæðistónleikum, þ.e. í Aratungu, Árnesi, Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi. Þema vetrarins, Hafið, var rauður þráður tónleikanna og litaði það skemmtilega dagskrár tónleikanna.

Nótutónleikar 17. febrúar og 4. mars

NÓTAN er uppskeruhátíð tónlistarskólanna á landsvísu. Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Suðurland, Suðurnes og Kragann voru haldnir í Salnum í Kópavogi 17. febrúar 2018.

Fulltrúar Tónlistarskóla Árnesinga á tónleikunum voru þrjú ólík atriði: Sönghópur og rytmasveit við píanóundirleik Einars Bjarts Egilssonar, Katrín Birna Sigurðardóttir lék á selló

við undirleik Einar Bjarts og gítardúett, skipaður Rúrik Nikolai Bragin og Guðbergi Davíð Ágústssyni, lék við undirleik Birgitar Myschi. Allir stóðu flytjendur sig með mikilli þrýði, en Katrín Birna, Rúrik og Guðbergur fengu sérstaka viðurkenningu fyrir leik sinn á tónleikunum. Katrín Birna var valin til áframhaldandi þátttöku á lokatónleikum Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu 4. mars, þar sem hún var skólanum til mikils sóma með vönduðum hljóðfæraleik.

Vortónleikar strengjadeildar í Hveragerði

Strengjasveitir skólans héldu einstaklega vandaða og ljúfa tónleika á Listasafni Árnesinga í Hveragerði 9. maí. Á dagskrá eldri strengjasveitar var m.a. lagið „Odi et amo“ eftir Jóhann Jóhannsson, sem leikið var í minningu hans. Sædis Lind Másdóttir söng með sveitinni í þessu einstaklega fallega og tregablandna lagi.

Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2017 – 2018

Eftirtaldir nemendur fengu viðurkenningarskjal ásamt gjafabréfi til nótnakaupa frá kvenfélögum í sýslunni eða tónlistarskólanum:

Vésteinn Loftsson	Þjórsárskóli	Básúna
Elva Rún Pétursdóttir	Hveragerði	Söngur
Logi Viðarsson	Flóahreppur	Píanó
Kamilla sól Valdimarsdóttir	Þorlákshöfn	Píanó
Emilía Huguína Lárusdóttir	Þorlákshöfn	Saxófónn
Katrín Birna Sigurðardóttir	Selfoss	Selló
Helga Sigurðardóttir	Selfoss	Fíðla
Lísa Karen Vokes	Selfoss	Píanó
Kolbrún Birna Gunnlaugsdóttir	Selfoss	Klarínetta

Veturinn 2018 – 2019

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2018 – 2019 hófst 22. ágúst með þremur starfsdögum kennara, en kennsla hófst 27. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 23. maí 2019 og fimm starfsdögum 24. – 31. maí. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 18. - 22. október. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2018 – 2019)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2018 – 2019)

(Fylgiskjal R – bls. 5 úr Ársreikningi 2017)

(Fylgiskjal S – bls. 5 úr 6 mán. uppgjör 2018)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2018 – 2019

Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Stjórn Tónlistarsk. Árn.: Rakel Sveinsdóttir, formaður (Sveitarfél. Ölfus)
Kolbrún Haraldsdóttir (Hrunamannahreppi)
Sigurjón Vídalín Guðmundsson (Sveitarfél. Árborg)

Skólastjóri: Helga Sighvatsdóttir
Aðstoðarskólastjóri: Jóhann I. Stefánsson
Skólaritari: Ragnhildur Magnúsdóttir

<i>Deildarstjórar 2018-2020:</i>	Gestur Áskelsson	Blásaradeild + Blokkflautudeild
	Guðmundur Kristmundss.	Strengjadeild + Suzukideild
	Margrét Stefánsdóttir	Píanódeild + Söngdeild
	Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + Gítardeild
	Örlygur Benediktsson	Tónfræðadeild (2018-2019)
	Edit Anna Molnár	Tónfræðad. + Forskólad. ('19-'20)

- Deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2018-2019:

Flóaskóli	Dagur Bergsson
Flúðir/Þjórsárskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Ulle Hahndorf
Reykholt	Loftur Erlingsson
Stokkseyri/Eyrbakki	Ingibjörg Birgisdóttir
Þorlákshöfn	Sigríður Kjartansdóttir

Fjöldi nemenda 2018 – 2019 / biðlistinn

Í ár stunda 490 nemendur nám við skólann í einkatímum. Þar af eru 120 nýnemar. Rúmlega 230 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnassýslu fá hljóðfærakynningar/forskólanám á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista eru 52 nöfn sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Bláskógabyggð: 3 (2 x píanó, 1 x gítar)

Hveragerði: 4 (2 x fiðla, 1 x trommur, 1 x Suzuki-píanó)

Árborg: 38 (1 x blokkflauta, 1 x fiðla, 21 x gítar, 2 x orgel, 6 x píanó, 1 x Suzuki-píanó, 6 x trommur)

Ölfus: 7 (1 x fiðla, 3 x gítar, 3 x trommur)

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi 1996 – 2018)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft 2013 – 2018 - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs okt. 2018)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal T - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2018)

Kennarar 2018 – 2019

Nokkur hreyfing er á kennurum í vetur og er því óvenju mikið um afleysingakennara. Miklós Dalmay píanókennari og Edit Anna Molnár tónfræðikennari eru í námsleyfi og nokkrir píanókennarar með minna hlutfall af ýmsum ástæðum. Suncana Slamnig, Eyjólfur Eyjólfsson og Dagur Bergsson eru afleysingakennarar í vetur.

Ólöf Jónsdóttir píanókennari lét af störfum í sumar. Í hennar stað var ráðinn Björn Pálmi Pálmason.

Sigurgeir Skafti Flosason rafbassakennari var ráðinn í stundakennslu í haust. Ánægjuleg viðbót í starf ungrar og upprennandi rytmískrar deildar.

- Við óskum nýliðunum okkar velfarnaðar í starfi.

Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari kom aftur til starfa í haust eftir ársleyfi.

Í vetur starfar 31 kennarar við skólann í um 26,68 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Kennslustaðir 2018 – 2019

Kennslustaðir eru þeir sömu og sl. vetur að viðbætti kennslustofu í kjallara Vallaskóla á Selfossi. Þó kjallarar séu ekki skemmtilegustu kennslustaðirnir, gefur þessi aðstaða nemendum Vallaskóla færi á að njóta sömu þjónustu og öðrum grunnskólabörnum í sýslunni býðst, þ.e. að mæta á skólatíma í tónlistartíma. Þessi aðstaða sparar foreldrum skutl, nemendur fá kennslu á sínum „vinnutíma“ (ekki seint að deginum) og tónlistarkennarar geta hafið störf snemma dags. Um leið léttir þessi aðstaða örlítið á þeim þrengslum sem skólinn býr við á Eyraveginum.

Árborg: Eyravegur 9, Selfossi
Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi
Árborg: Vallaskóli, Selfossi
Árborg: Samfylkingarsalurinn, Eyravegi 15 Selfossi
Árborg: Félagsheimilið Staður, Eyrarbakka
Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri
Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti
Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni
Flóahreppur: Flóaskóli
Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli
Hrunamannahreppur: Flúðaskóli
Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli
Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2018 – 2019

Stærstu viðburðir vetrarins:

- Deildatónleikar verða í nóvember sem hér segir:
 - Blásaradeildartónleikar – fimmtud. 1. nóv. kl. 18:00 í Sunnulækjarskóla
 - Blokkflautudeildartónleikar – föstud. 2. nóv. kl. 18:00 í sal skólans Eyravegi 9, Selfossi
 - Strengjadeildartónleikar – mánud. 5. nóv. kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju
 - Rytmískir deildartónleikar – þriðjud. 6. nóv. kl. 18:00 í sal skólans Eyravegi 9, Selfossi
 - Gítardeildartónleikar - miðvikud. 7. nóv. kl. 18:00 í Ráðhúsinu Þorlákshöfn
 - Píanódeildartónleikar – fimmtud. 8. nóv. kl. 18:00 í Selfoskirkju
 - Söngdeildartónleikar – föstud. 9. nóv. kl. 18:00 í Selfoskirkju
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 26. nóvember - 1. desember. Á þessum tónleikum koma allir nemendur skólans fram hjá sínum kennurum.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið miðvikud. 5. des. kl. 17:00 í Sunnulækjarskóla á Selfossi.
- Í desember fara svo nemendurnir út um hvippinn og hvappinn með sínum kennurum að vanda, leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir sveitunga sína um alla sýslu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 9. febrúar 2018. Þennan dag verða sjö svæðisbundnir þematónleikar í sýslunni. Á tónleikunum verða valin atriði til flutnings á svæðistónleikum Nótunnar.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, 16. mars í Kópavogi og 5. apríl Hofi, Akureyri.
- Miðdeildartónleikar, mánud. 25. mars 2019.

- Framhaldsdeildartónleikar, miðvikud. 27. mars 2019.
- Þematónleikar, 2. maí 2019
- Skólaslit verða vikuna 17. – 23. maí 2019.

Aðgangur að tónleikum tónlistarskólans er ókeypis og öllum opinn.

Þema vetrarins er 3+, sem þýðir að samspil mun ráða ríkjum í hljóðfæraleik vetrarins. Verður spennandi að sjá hvaða áhrif þemað hefur á tónleikahald vetrarins, en eins og fram kemur í inngangi er ýmislegt á þróunum.

Tónlistarflutningur „útí bæ“

Tónlistarskólanemendur heimsækja hjúkrunarheimili og leikskóla víða um sýsluna. Heimsóknir á hjúkrunarheimilin á Ljósheimum og Fossheimum á Selfossi eru orðnir fastir liðir í vetrarstarfinu og skiptast deildir skólans á um að leika stutta tónleika fyrir heimilisfólk.

September – Suzukideild

Október – Gítardeild

Nóvember – Strengjadeild

Desember – Blokkflautudeild

Janúar – Píanódeild

Febrúar – Söngdeild

Mars – Blásaradeild

Apríl – Rytímísk deild

Forskóla-hljóðfærakynningar

Forskólaverkefni tónlistarskólans hefur fengið fastan sess í skólastarfinu. 15 bekkjardeildir í 2. bekk fá fimm heimsóknir í vetur þar sem verður bæði sungið og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

(Fylgiskjal X – Söngur Tónlistarskólans)

Þróunarverkefni veturinn 2018 – 2019

Samstarf deilda

Í vetur verður farið af stað með stórt samstarfsverkefni deilda. Eftir reynslu af því að setja upp Töfraflautu Mozarts veturinn 2015 – 2016, kom upp hugmynd um að vinna fleiri verkefni í svipuðum stíl, þar sem allar deildir skólans koma saman að einu verkefni. Afrakstur vetrarins lítur dagsins ljós fimmtu. 2. maí, en ef vel gengur er einnig stefnt á flutning utan sýslunnar.

Móttaka nýnema

Haustið 2017 var tekin upp sú nýbreytni að bjóða foreldrum nýnema í hefðbundnu námi (12 ára og yngri) einum í fyrstu kennslustund. Í þessum tíma fá foreldrar mikilvægar upplýsingar um skólann og kennsluna og tækifæri til að kynna tónlistarkennaranum.

Í aðra kennslustund mæta foreldrar með barni sínu og þá eru fyrstu tónlistarskrefin stigin. Gott samstarf kennara og foreldra er grunnur að góðu gengi í tónlistarnámi og hefur þessi nýjung reynst mjög vel.

Áætlun 2019

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2018 eru áætluð 281.571.173 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningur FT rennur út 30. júní 2019. Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - september 2018 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2018 - 2019.
2. Kennslustundafjöldi í október 2017, 469 klst.
3. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1. ágúst 2015 - **31. mars 2019**
4. Kjarasamningur KÍ við LS - gildistími 1. apríl 2018 - **30. júní 2019**
- ATH. Kjarasamningar renna út á árinu.
- **Áætlun krefst endurskoðunar þegar nýir kjarasamningar verða undirritaðir.**

(Fylgiskjal U - Áætlun 2019)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2019)

Skýrslur deildastjóra maí 2018

Blásaradeild

Skýrsla maí 2018

Deildarstjóri: Jóhann I. Stefánsson

Kennarar:

Birna Bragadóttir

Gestur Áskelsson

Hjörtur B. Hjartarson

Jóhann I. Stefánsson

Kolbrún Berglind Grétarsd.

Sigríður Kjartansdóttir

Zoltán Szklenár

Örlygur Benediktsson

Stefán I. Þórhallsson

Frá janúar – maí 2018

Guri Hilstad Ólason

Snæfriður Sól Árnadóttir

Þorkell Jólsson

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn

Klarínetta, saxófónn

Klarínetta, þverflauta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Þverflauta

Trompet, horn, básúna

Klarínetta, saxófónn

Slagverk

Trompet – yngri blás á Selfossi

Trompet

Trompet, básúna

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss yngri blásarasveit

Jóhann I. Stefánsson

Selfoss eldri blásarasveit

Jóhann I. Stefánsson

Þorlákshöfn yngri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Þorlákshöfn eldri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Blásaradeildartónleikar

13. nóvember 2017

Lúðrasveitamaráðun í Hörpu

12. nóvember 2017

Vortónleikar

16. maí 2017

Blásarasveitir komu fram við skólaslit skólans.

Samstarfsverkefni rytmískrar deildar og blásaradeildar var Stórsveit TÁ sem kom fram á tónleikum 17. nóvember.

Snæfriður Sól Árnadóttir trompetnemandi tók framhaldspróf 4. maí og hélt tónleika í ráðhúsi Þorlákshafnar 15. maí.

Blásaradeildin fór á Ljósheima og Fossheima í febrúar.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Landsmót SÍSL fyrir A-B sveitir var haldið í Reykjavík (Breiðholti) 27. - 29. apríl. 12

þátttakendur frá Selfossi og 5 frá Þorlákshöfn, 3 fararstjórar og Jóhann og Gestur stjórnendur fóru á mótið. Það var mjög vel heppnað, um 600 börn tóku þátt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Enn þarf að bæta í hljóðfærakostinn. Í vetur voru keyptir tveir saxófónar. En mikið af blásturshljóðfærunum eru orðin lúin.

Annað:

Það er sama staða hér og virðist vera um land allt. Það vantar nemendur á blásturshljóðfæri. Vonandi að nýtt skipurit á forskóla skili árangri á því sviði.

Blokkflautudeild Skýrsla maí 2018

Kennarar:

Ingibjörg Birgisdóttir
Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir
Helga Sighvatsdóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir

Kennslugreinar:

Í ársleyfi
Blokkflauta og Suzukiblokkfl.
Blokkflauta
Blokkflauta, afleysingakennari

Samspilshópar:

Selfoss, Blokkflautusveit grunnnám
Selfoss, Blokkflautusveit mið-/framhnám
Suzuki-blokkflautuhópar 1 og 2
Tilfallandi dúettar og tríó sett saman fyrir tiltekna viðburði og tónleika.

Stjórnandi:

Helga Sighvatsdóttir
Helga Sighvatsdóttir
Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir

Tónleikahald deildar:

Blokkflautudeildartónleikar 14.11.2017. Allir blokkflautunemendur skólans, samspilshóparnir tveir + Suzukihópar + minni samspil

Blokkflautur á Ljósheimum/Fossheimum 23.11.2017 – G + M/F samspilshópar
Hausttónleikar nóvember/desember 2017

Aðventuspilamennska í desember:

- Selló- og blokkflautuleikur í Rúmfatalagernum 15.12.2017
- Brautskráning í Fsú - M/F samspilshópur 21.12.2018
- Aðventusamvera starfsfólks Vallaskóla – einleikur 13.12.2018
- Góðgerðardagur í Sunnulækjarskóla – einleikur 14.12.2018

Dagur tónlistarskólanna

- Selfossi 17.2.2018 - M/F blokkflautusveit + gítar- og blokkflautur + dúett + einleikur
- Þorlákshöfn 17.2.2018 – Blokkflaututrío + dúett + einleikur

Súputónleikar í samstarfi við Barnaskólann Stokkseyri 18.2.2018.

Afhending læsisveggspjalda - Athöfn í Vallaskóla 20.2.2018 - M/F samspilshópur

Fjáröflunartónleikar í Grensáskirkju 25.2.2018 – Suzukinemendur

Setningarathöfn ráðstefnu Evrópska Suzukisambandsins 6.4.2018 - Suzukinemendur

Suzukideild á Ljósheimum/Fossheimum 12.4.2018 einleikur

Heimsókn í leikskóla í Hveragerði 23.4.2018 - M/F samspilshópar ásamt söngfuglum

Vortónleikar maí 2018

Skólaslit Stokkseyri 22.5.2017 – G + M/F samspilshópar + sóló

Skólaslit Hveragerði 23.5.2018 píanó og blokkflauta

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Upprifjunardagur fyrir Suzuki-blokkflautunemendur var haldinn í apríl – umsjón: Ingibjörg Birgisdóttir.

Próf – fjöldi áfangaprófa

Tíu nemendur tóku próf á blokkflautuleik veturinn 2017-2018

Suzukiútskriftir: 2

Forstig: 4

1. stig: 4

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ingibjörg Birgisdóttir og Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir stunda Suzuki-blokkflautukennaranám. Ingibjörg lauk 4. kennslustigi sumar 2018. Kristín Jóhanna lauk 2. kennslustigi sumar 2018.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

* Fleiri samspilsstofur þyrfti þar sem salur er full nýttur.

Annað

Frá hausti 2018 sjá Ingibjörg Birgisdóttir og Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir um blokkflautukennsluna, en Helga Sighvatsdóttir dregur sig úr kennslu vegna skólastjórastarfa. Ragnheiði Haraldsdóttur þökkum við fyrir að taka að sér afleysingar í vetur og ánægjulegt samstarf.

Forskóladeild

Skýrsla maí 2018

Deildarstjóri: Edit Molnár

Umsjónarmenn þróunarverkefnis fyrir 2. bekk: Róbert A. Darling og Helga Sighvatsdóttir.

Allir 2. bekkir í grunnskólum Árnessýslu fengu sex heimsóknir yfir veturinn. Þrjár fyrir jól og þrjár eftir jól. Alls 96 heimsóknir. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartíma, ásamt hljóðskrá, nótum og texta af Tónlistarskólalaginu.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra. Hver þeirra hélt utan um sex kynningar í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærinu, hljóðfæraleik og loks fengu nemendur að prófa hljóðfærin. Hljóðfærakynningar skiptust þannig:

1. **Kynningartími – Söngur/rytmi.** Nýtt lag, Söngur Tónlistarskólans (eftir Örlyg Benediktsson tónskáld og kennara við skólann), var kynnt nemendum og sungið. Þetta lag ásamt Hafinu bláa (þemalag) var sungið á öllum hljóðfærakynningum vetrarins.
Umsjón: Margrét S. Stefánsdóttir
+ Einar Bjartur Egilsson, Ólöf Jónsdóttir, Sigríður Kjartansdóttir, Helga Sighvatsdóttir, Loftur Erlingsson, Magnea Gunnarsdóttir
2. **Píanó-gítar-rytmísk hljóðfæri.** Umsjón: *Vignir Ólafsson, Miklós Dalmay*
+ Stefán I. Þórhallsson, Róbert A. Darling, Birgit Myschi, Kristinn Freyr Kristinsson.
3. **Strokhljóðfæri.** Umsjón: *María Weiss*
+ Guðmundur Kristmundsson, Guðmundur Pálsson, Ulle Hahndorf.
4. **Tréblásturshljóðfæri.** Umsjón: *Helga Sighvatsdóttir*
+ Örlygur Benediktsson, Birna Bragadóttir, Gestur Áskelsson, Hjörtur B. Hjartarson.
5. **Málmblásturshljóðfæri.** Umsjón: *Jóhann I. Stefánsson*
+ Helga Sighvatsdóttir
6. **Upprifjun/söngur.** Hljóðfærin sýnd á blaði + röddin kynnt sem hljóðfæri.

Tónlistarskólalagið, Hafið bláa og fleiri lög sungin (s.s. Meistari Jakob, Sá ég spóa, Höfuð, herðar, hné og tær o.fl.). Nokkur ásláttarhljóðfæri voru einnig nýtt.

Í lokatíma fengu nemendur blað með myndum af hljóðfærunum, þakkarbréf og kynningu til foreldra.

Umsjón: *Edit Anna Molnár*

+ Einar Bjartur Egilsson, Jóhann I. Stefánsson, Ester Ólafsdóttir, Helga Sighvatsdóttir, Loftur Erlingsson, Magnea Gunnarsdóttir.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Stefnt að svipuðu fyrirkomulagi

Gítardeild

Skýrsla maí 2018

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar :

Birgit Mysci
Kristinn Freyr Kristinsson
Hjörtur B. Hjartarsson
Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Klassískur- og Suzuki gítar/samspil
Klassískur gítar/samspil
Klassískur gítar / samspil
Rafgítar, rafbassi, samspil

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil 1
Hveragerði Gítarsamspil 2
Selfoss Gítarsamspil 1
Selfoss Gítarsamspil 2
Selfoss Suzukihópur 1
Selfoss Suzukihópur 2
Þorlákshöfn Gítarsamspil

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson
Kristinn Freyr Kristinsson
Kristinn Freyr Kristinsson
Kristinn Freyr Kristinsson
Birgit Mysci
Birgit Mysci
Kristinn Freyr Kristinsson

Tónleikahald deildar:

Suzukiútskrift 22.11.2017
Hausttónleikar Selfossi 30.11.2017
Jólaball Suzukideildar 06.12.2017
Valtónleikar nóttunnar 22.01.2018
Gítardeildartónleikar 30.01.2018
Svæðistónleikar nóttunnar í Kópavogi 17.02.2018
Suzuki fjáröflunartónleikar í Grensáskirkju 25.02.2018
Vortónleikar gítardeildar Selfossi 03.05.2018
Skólaslit Selfossi
Skólaslit Borg
Skólaslit Flúðum
Skólaslit Reykholt
Skólaslit Árnes
Skólaslit Flóaskóla
Skólaslit Hveragerði
Skólaslit Þorlákshöfn
Fossheimar og Ljósheimar 26.09..2017

Gítarleikur í leikskólanum Þorlákshöfn 18.12.2017

Gítarleikur í Foss- og Ljósheimum 19.12.2017

Próf

1 tók grunnpróf í gítardeild 2018

38 tóku stigspróf

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ráðstefna evrópska Suzukisambandsins í Hörpu 06.04.2018

Gítar masterclass 14.04.2018

Annað:

Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Kammerdeild

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Kennarar :

Margrét S. Stefánsdóttir í samstarfi við aðra kennara skólans, hljómsveitir og samspilshópa s.s. yngri og eldri strengjasveit, blokkflautuhóp, gítarhóp, rytmaband, lúðrasveit, Hveraband, sönghóp og, söngfugla.

Tónleikahald deildar:

Hver og einn hljóðfærahópur með sína tónleika. Haust og vor. Tónleikar á degi tónlistarskólanna þar sem samspilshópar komu fram. Söngnemendur og rytmaband tók þátt í Nótunni svæðistónleikum í Salnum Kópavogi.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Farið í heimsóknir út í samfélagið sem hina ýmsu hljóðfærahópa í desember og á vorönn.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:

Áframhaldandi samvinna milli deilda. Þema þar sem hægt væri að blanda ólíkum hljóðfærahópum saman.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Samvinna/samstarf milli deilda. Nota þema vetrarins eins og gert var á liðnu skólaári, og útvíkka það sem mest. Samstarf eflir skólalastarfið.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:

Spurning hvort mætti vera fastur fundatími deildarstjóra þar sem hægt væri að koma fram með hugmyndir og skipuleggja starfið.

Píanódeild

Skýrsla maí 2018

Deildarstjóri: Miklós Dalmay haustönn / Helga Sighvatsdóttir vorönn

<i>Kennarar:</i>	<i>Kennslugreinar:</i>
Birna Bragadóttir	píanó
Einar Bjartur Egilsson	píanó, meðleikur
Ester Ólafsdóttir	píanó, meðleikur, Suzuki-píanó
Gestur Áskelsson	píanó
Guðrún Markúsdóttir	píanó, Suzuki-píanó
Kolbrún Berglind Grétarsdóttir	píanó
Loftur Erlingsson	píanó
Magnea Gunnarsdóttir	píanó
Miklós Dalmay	píanó, meðleikur
Ólöf Jónsdóttir	píanó
Ulle Hahndorf	píanó

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi): Tilfallandi fjórhent

Tónleikahald deildar:

Píanódeildartónleikar 20. nóvember í Aratungu

Jólaspil „úti bæ“ í desember s.s. í Bókakaffi, Grænumörk, kvenfélagsbasar, kórtónleikum, Sólvöllum, Nytjamarkaðnum og víðar

Píanótónleikar á Ljósheimum / Fossheimum 26.4.2018

Vortónleikar 2. – 7. Maí

Próf – fjöldi áfangaprófa

Áfangapróf í vetur: 9 grunnpróf

Innanhús próf samtals 51: Forstig: 17; 1.stig: 16; 2.stig: 13; 4.stig: 4; 6.stig: 1;

Suzuki útskriftir: 9

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ester Ólafsdóttir: Suzuki-kennaranám 6. – 8. apríl.

Magnea Gunnarsdóttir: Kórstjórnarnámskeið í Skálholti, haust 2017

Guðrún Markúsdóttir: Suzuki-ráðstefna í apríl 2018 + víólunám

Ólöf Jónsdóttir: Sótti alþjóðlega ráðstefnu EPTA í Helsinki, Finnlandi dagana 10. - 13. ágúst

2017. Sótti MTNA ráðstefnu í Walt Disney World Resort í Orlando, USA, 16. - 21. mars

2018. Fylgdist með kennslu ungra nemenda hluta úr degi í New England Conservatory í Boston.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

- 1) Koma af stað reglulegu píanósamspili innan deildar. Í skoðun er t.d. „Hringekjan“ úr Tónskóla Sigursveins og „Slagharpan“ úr Reykjanesbæ.
- 2) Yfirfara kröfur um yfirferð og erfiðleikastig prófverkefna (verkefni + tónstigar)
- 3) Safna próf-viðmiðunarverkefnum í möppu.
- 4) Skanna inn upplýsingar eftir umræður og setja í möppu á O365, sem er aðgengileg öllum píanókennurum.

Rytmísk deild

Skýrsla maí 2018

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Stefán I. Þórhallsson
Vignir Ólafsson

Kennslugreinar:

Slagverk, trommur og samspil
Rafgítar, rafbassi og samspil

Samspilshópar:

Selfoss	Rytmískt samspil 1	<i>Stjórnandi:</i> Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 2	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 3	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 4	Vignir Ólafsson
Selfoss	Slagverkssamspil Grunnám	Stefán I. Þórhallsson
Selfoss	Slagverkssamspil Miðnám	Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:

Söngdeildartónleikar Hveragerðiskirkju 21.11.2017

Rytmískir deildartónleikar 23.11.2017

Hauttónleikar Selfossi 07.12.2017

Svæðistónleikar Nótunnar 17.02.2018

Þematónleikar Selfossi 17.02.2018

Vortónleikar 08.05.2018

Brautskráning FSU vor 2018

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Jólaspil rytmískrar deildar í Arionbanka 14.12.2017

Litlu jól í Vallaskóla 20.12.2017

Litlu jól í Sunnulækjarskóla 20.12.2017

Rytmísk deild á Ljós- og Fossheimum 03.05.2018

Próf – fjöldi áfangaprófa.

Tveir nemendur slagverksdeildar þreyttu grunnpróf og stóðu sig með sóma.

